

## **Fundur í fræðslu - og skólanefnd Laugargerðisskóla miðvikudaginn 22. júní 2011 kl. 10:00 haldinn í Laugargerði.**

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Sigurður Jónsson, Sigríður Sigurðardóttir, Hulda Þórðardóttir og Kristín Björk skólastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.  
Katrín Gísladóttir ritar fundargerð.

- Kristín Björk kynnti kannanir sem gerðar hafa verið í tengslum við vinnu með gæðagreini á námi og kennslu. Annarsvegar um líðan barnanna í skólanum sem almennt kom vel út og hins vegar var send könnun í FVA og MB um það hvernig nemendur úr Laugargerðisskóla eru undirbúnir fyrir framhaldsnám. Þær niðurstöður eru mjög jákvæðar og eru þau vel látin í þessum skólum. Nefndin fagnar jákvæðum niðurstöðum.
- Skóladagatal næsta árs lagt fyrir. Rætt um að unglिंगastig fái 2 helgar í smiðjum á Varmalandi í vetur. Þetta samsvarar þá 4 skóladögum og væri viðbót í val á námi hjá þeim. Samþykkt að prófa þetta í vetur. Skóladagatalið samþykkt.
- Önnur mál.
  - Leikvöllurinn ræddur. Skólanefnd áréttar að gengið verði frá yfirborði leikvallar fyrir skólabyrjun.
  - Trúnaðarmál rædd.
  - Kastað fram hugmyndum um skólastarf í framtíðinni, nýting mannauðs og húsnæðis. Nú þegar er töluverð notkun á húsnæðinu til námskeiðahalds og fleira um helgar. Rætt um hvort hægt væri að auka það, og jafnvel nýta þann mannauð og fróðleik meira sem á svæðinu er, því að allt styrkir þetta skólann og samfélagið í heild sinni.
- Fundi slitið